# Umsókn um rekstrarstyrk frá lista- og menningarsjóði Kópavogs

## Ef sá sem skráði sig inn ætlar ekki að vera umsækjandinn, heldur ætlar að senda inn umsókn í nafni félags / hóps / kórs e.þ.h.,hakið þá við JÁ.Við það hreinast út upplýsingar um þann innskráða í kaflanum hér að neðan og í staðinn er skráð nafn, kennitala og aðrar upplýsingar varðandi hinn raunverulega umsækjanda (félagsskapinn).Þessi aðferð er notuð ef félag / hópur / kór hefur ekki rafrænt skilríki í síma eða Íslykil, á sinni kennitölu, til að skrá sig inn með.

**Já = verið er að sækja um fyrir þriðja aðila (félag/ hóp/ kór eða einstakling)**

☐

## Umsækjandi

**Nafn**
JR Music ehf

**Kennitala**
430903-2920

**Heimilisfang**
Stakkholt 2a, 206

**Póstnúmer**
105

**Símanúmer**
8633177

**Tölvupóstur**
jon@jrmusic.is

**Styrkupphæð sem sótt er um**
700.000,-

## Skráið hér hver er forsvarsmaður félags / hóps / kórs

**Nafn**
Jón Rafnsson

**Kennitala**
170658-6479

**Símanúmer**
8633177

**Tölvupóstur**
jon@jrmusic.is

## Áætluð verkefni á árinu, heiti og staðsetning

**Skrifið stutta lýsingu**

Í maí 2010 stóð Björn Thoroddsen, gítarleikari, fyrir tónleikum í Salnum í Kópavogi, tileinkuðum Sigfúsi Halldórssyni, sem hefði orðið 90 ára seinna það ár. Björn setti saman hljómsveit sem hentaði verkefninu og fékk þau Stefán Hilmarsson, Heru Björk Þórhallsdóttur, Andreu Gylfadóttur og Egil Ólafsson, sem einnig var kynnir tónleikanna, til að sjá um sönginn. Þetta áttu nú bara að vera einir tónleikar en urðu sex, haldnir fyrir fullu húsi þetta vor og svo fernir um haustið, einir á Akureyri og þrennir í Salnum, sem sagt tíu tónleikar í það heila. Tvennir  tónleikar voru hljóðritaðir í maí og komu þeir út á geisladisknum ?Fúsi Halldórs ? vinsælustu lögin? um haustið, fyrir afmælisdag Sigfúsar. Geisladiskurinn seldist upp og hefur ekki verið fáanlegur síðan, en fyrir nokkru hitti ég Gunnlaug, son Sigfúsar og sagði hann mér að þessi diskur væri í miklu uppáhaldi hjá honum og synd að hann væri ekki til og ekki bara á geisladisksformi, heldur líka á vinyl.

Og þar kemur ástæða þessarar umsóknar.
Mitt fyrirtæki, JR Music ehf, sem eingöngu er stofnað og hugsað til að halda utan um þau verkefni sem ég og mitt samstarfsfólk kemur að, gaf út þennan disk, en svona útgáfa er töluverður kostnaður og ég sæki hér með um styrk til þess.
Framleiðsluferli á geisladisknum er bara um 3 vikur en vinylplata 10 til 12 vikur.

Kostnaðaráætlun:
Geisladiskur:
STEF/NCB-gjöld = 70.000,-
Framleiðsla = 135.000,-
Vinylplata:
umslagsvinna = 100.000,-
STEF/NCB-gjöld = 70.000,-
hljóðvinnsla á master = 80.000,-
Framleiðsla = 245.000,-
Kostnaður samtals: 700.000,-

Nánar um diskinn: http://jrmusic.is/jr-utgafa/fusi-halldors/
Diskurinn á Spotify: https://open.spotify.com/album/70lbyMAbi1fCmRL9jmOEjC

## Tilgreinið eigin fjármögnun eða framlög frá öðrum aðilum ef um slíkt er að ræða og leggið fram gögn því til staðfestingar

**gögn 1**

**gögn 2**

**gögn 3**

**gögn 4**

## Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

**Aðrar upplýsingar ef einhverjar eru**

Til stóð að halda tónleika í Salnum á 100 ára afmælisdegi Sigfúsar haustið 2020, undir stjórn Jónasar Þóris Jónassonar, píanóleikara og með honum þeir Björn Thoroddsen og Örn Árnason auk söngvara og hafði Jónas beðið mig um að sjá um bassaleikinn. Hugmyndasmiðir og skipuleggjendur þessara tónleika voru, auk Jónasar Þóris, þeir Ármann Kr. Ólafsson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Sigfússon (Halldórssonar) en vegna Covid-19 þurfti því miður að aflýsa þeim. Þeir tónleikar verða haldnir á árinu, þess vegna væri upplagt að tengja þessi tvö verkefni saman,  þ.e útgáfuna á lögum Sigfúsar og afmælistónleikanna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

## Staðfesting umsóknar

☑ Ég staðfesti hér með að allar upplýsingar sem ég veiti í sambandi við þessa umsókn eru réttar og gefnar eftir bestu vitund.

Hver einstaklingur / félag / hópur / kór e.þ.h. sem hlýtur styrk, þarf að senda greinargerð á menning@kopavogur.is fyrir árslok þar sem fram koma upplýsingar um árangur verkefnisins eða starfsins og hvernig styrknum hefur verið ráðstafað.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026